



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

AD GERA ALLT

FRAMÚRSKARANDI VEL

Kæru nemendur og starfsmenn!

*Þegar vorsins ljóðaleikur
lætur óma þíða strengi,
þegar fjólmagn fyrstu grasa
fer að líta tún og engi,
er sem þúsund klukkur kalli:
komdu vinur úti bláinn,
leggðu frá þér vanaverkin;
veturinn er löngu dáinn.*

Einstaklega vel heppnuðum menningardögum lauk skömmu fyrir páska. Eiga nemendur hrós skilið fyrir frábæra frammistöðu, starfsfólk hrós fyrir góðan undirbúning og forráðamenn, ættingjar og vinir hrós fyrir það að heimsækja okkur á þessum dögum. Telst mér til að um 500 manns hafi litið við í skólanum í það minnsta annan menningardaganna.

Á síðasta skólaári styrktum við Regnbogabörn - samtök áhugafólks um einelti, í lok menningardaga. Í ár var ákveðið að styrkja Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna og kom Rósa Guðbjartsdóttir í heimsókn til okkar í skólann og veitti styrknum viðtöku, alls 50.500.- kr.

Nú fyrir páska var formaður foreldraráðs Áslandsskóla, María Kristín Gylfadóttir, kjörin formaður Heimilis og skóla. Eins og mörgum er kunnugt hefur María Kristín starfað ótullega að málefnum skólans okkar frá upphafi og óskum við henni til hamingju með þessa vegsemd.

Í tengslum við stóra upplestraköppnina heimsóttu nemendur skólans Sólvang, Hrafnistu og félag eldri borgara. Þar var lesið, sungið og hent gaman. Næsti liður í samstarfi Hrafnistu og skólans er heimsókn vistmanna, m.a. Kórs Hrafnistu í skólann. Gestgjafar verða nemendur í 6. og 7. bekk skólans. Sannarlega ánægjulegt hvernig til hefur tekist með þetta samstarf.


Vinna við almennan hluta skólanámskrár stendur nú yfir meðal starfsmanna og gengur nokkuð vel. Er það von okkar að gott horf verði komið á þennan hluta fyrir vorið.

Undirbúningur næsta skólaárs er einnig hafinn. Auglýst hefur verið eftir starfsfólki þar sem á vantaði og þegar hafa verið ráðnir nýir starfsmenn til starfa

*Framundan er sól og sumar
sjáðu, lífið herðir tókin,
enn á vori landið ljómar,
lítum hátt og réttum bökin.
Glymum stormi, kulda og klaka,
komum vinir úti bláinn.
leiðir okkur langa vegu
ljósið bjart og ferðapráin.*

Sumardagurinn fyrsti er þann 22. apríl n.k. Vil ég því nota þetta tækifæri og senda nemendum og forráðamönnum mínar bestu sumarkveðjur með kærum þökkum fyrir veturinn.

Leifur S. Gardarsson
Skólastjóri



Á döfinni

22. apríl

Sumardagurinn fyrsti

1. maí

Verkalýðsdagurinn

20. maí

Uppstigningardagur

28. maí

Íþróttadagur

30. maí

Hvítasunnudagur

31. maí

Annar í hvítasunnu

1. maí

Skipulagsdagur

Virðing er dygð aprílmánaðar

Vinsemd er dygð maímánaðar

Bekkjamyndatökur

í skólafatnaði í myndatökuna.

Nemendum gefst kostur á að kaupa **bekkjarmynd** ásamt því að kaupa **einstaklingsmynd**.

Það er ljósmyndastofan **Mynd** sem sér um myndatökuna.

Nánari upplýsingar voru heimsendar með nemendum viðkomandi árganga miðvikudaginn 14. apríl.

Árshátíð unglिंगadeildar

Árshátíð unglिंगadeildar Áslandsskóla verður haldin **þriðjudaginn 20. apríl** á sal skólans.

Nemendaráð er nú að skipuleggja hvernig standa skal að þessari fyrstu árshátíð sem unglिंगadeild skólans stendur fyrir.

Grunnskipulagið er að nemendur snæði veislumáltíð og síðan verði skemmtiatriði og dansað fram eftir kveldi.

Nemendur í unglिंगadeild fá leyfi fyrstu tvær kennslustundir miðvikudaginn 21. apríl vegna hátíðarinnar, og mæta því í skólann kl. 9:50.

Frábært hjá Braga og Höllu

Úrslitakeppni Stóru upplestrarkeppninnar var haldin í Hafnarborg í vikunni fyrir páska.

Glæsilegir fulltrúar Áslandsskóla voru Bragi Michaelsson og Halla Björg Hallgrímsdóttir.


Verðlaunahafar komu úr Engidalsskóla, Hvaleyrarskóla og Álftanesskóla og óskum við þeim til hamingju með þá vegsemd.

Óhætt er að fullyrða að frammistaða okkar fólks var skólanum svo sannarlega til sóma.

Hverjum þykir sinn fugl fagur og jafnvel fegurri en aðrir fagrir. Það átti við í þessari keppni og verður að segjast eins og er að niðurstaða dómnefndar kom í það minnsta hluta áhorfenda nokkuð á óvart.


Fyrir okkur liggur að fara vel yfir undirbúning og afrakstur. Eins og eftir allar keppnir skal skoða árangur og meta hvar hægt er að gera betur. Hvort við þurfum að leggja aðrar áherslur en við höfum gert hingað til og þar fram eftir götunum.

En hæst rís frábær frammistaða okkar fólks, Höllu Bjargar og Braga, af þeim erum við sannarlega stolt.



Nemendur!

Boltaleikir eru aðeins leyfðir utanhúss !!!



“Það er alger vitleysa að stríða”

*Það er algjör vitleysa að stríða
Í Áslandsskólanum óójá
Þú ferð í vandræði hjá Leifi
Það verður hringt til þín óójá*

*Þeir sem að stríða í
vandræðum lenda hvern
einasta dag
Þeir orkunni eyða í algera
þvælu á skólatíma*

*Í stað þess að læra og heilan
að bræða*

*Þeir falla á prófum og klúðra því
öllu vor eftir vor*

*Það er algjör vitleysa að stríða
Í Áslandsskólanum óójá
Þú ferð í vandræði hjá Leifi
Það verður hringt til þín óójá*

Texti: Ásgeir, Haukur, Hilmar og Jón Björgvin í Hetjuheimum / 7.-JÓI.

Lag: Það er alger vitleysa að reykja.



Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2004

Árleg foreldraverðlaun samtakanna verða veitt við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu þann 11. maí næst komandi. Samtökin veita einnig sérstök hvatningarverðlaun. Af þessu tilefni viljum við hvetja alla foreldra, skólustarfsmenn og aðra velunnara skóla að senda Heimili og skóla tilnefningar til skrifstofu samtakanna að Laugavegi 7, Reykjavík. Nánari upplýsingar um skilyrði og viðmið má sjá hér að neðan:

TILGANGUR

Foreldraverðlaunin voru veitt í fyrsta sinn vorið 1996 og eru verðlaun sem foreldrar veita til að vekja athygli á því gróskumikla uppbyggingarstarfi sem unnið er innan skólasamfélagsins. Við mat á tilnefningum verður litið sérstaklega til verkefna sem stuðlað hafa að eflingu tengsla heimila og skóla, aukið virkni forráðamanna barna í skólustarfinu, og/eða eflt tengsl innan skólasamfélagsins*

VIÐMIÐ

Leitað er eftir tilnefningum um aðila sem hefur/hafa unnið að verkefnum sem:

- leitt hafa til árangursríkra leiða til að efla samstarf forráðamanna barna og skólustarfsmanna,
- hafa komið á uppbyggjandi hefðum í samstarfi heimila og skóla,
- unnin hafa verið sameiginlega af forráðamönnum barna og starfsfólks skóla t.d. við umbætur og nýbreytni í skólustarfi,
- eflt hafa tengsl heimila, skóla, æskulýðs- og tómstundastarfs og/eða annarra hugsanlegra stofnana í gegnum forvarnarstarf,
- stuðlað hafa að samræmdu átaki foreldra, barna og skóla við lausn á vandamálum innan viðkomandi skólasamfélags.

SKILYRÐI

Sérstök dómnefnd á vegum Heimilis og skóla mun hafa það hlutverk að velja eitt verkefni til verðlauna sem uppfyllir eitt eða fleiri af ofangreindum viðmiðum og er í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

- að verkefnið hafi skýran tilgang
- að verkefnið sýni fram á varanleika innan skólasamfélagsins
- að árangur hafi náðst

TILNEFNINGAR

Tilnefningaraðilar geta verið: **foreldrafélög, foreldraráð, skólustarfsmenn, skólanefndir/fræðsluráð, nemendur, sveitarstjórnarmenn eða einstaklingar.** Tilnefningar þurfa að vera skriflegar (sjá meðfylgjandi eyðublað) og þær má senda í pósti til Heimilis og skóla (Laugavegur 7, 101 Reykjavík), með faxi: 552 2721 eða með tölvupósti á: heimiliogskoli@heimiliogskoli.is

UPPLÝSINGAR

Starfsmenn Heimilis og skóla veita nánari upplýsingar um verðlaunin:
Sími: 562 7475, netfang: heimiliogskoli@heimiliogskoli.is

Síðasti skiladagur [tilnefninga](#) er **25. apríl 2004**

* nemendur, foreldrar, kennarar, skólastjórnendur og aðrir starfsmenn skóla.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Foreldrafélags Áslandsskóla verður haldinn á næstu vikum.

Þar verða kynntar skipulagsbreytingar á stjórn félagsins ásamt hugmyndum um samvinnu foreldrafélagsins og foreldraráðs skólans.

Einnig verður fjallað um framtíð skólafatnaðar í Áslandsskóla.

Stjórnarkjör og hefðbundin aðalfundarstörf verða auðvitað einnig á dagskránni.

Nánar síðar.



SKÓLAFATNAÐUR

Skólafatnaður var tekinn í notkun í Áslandsskóla sl. haust. Eftir mjög jákvæða og góða byrjun þá virðist sem dregið hafi úr notkun fatnaðarins hjá nemendum skólans.

Áður hefur verið skrifað um þetta í Flórgoðann og þáttur forráðamanna reifaður.

Á aðalfundi foreldrafélags skólans verður rætt ítarlega um skólafatnaðinn, framtíð hans, útfærslu og fleira því tengt. Því er mikilvægt að forráðamenn sýni málinu áhuga, fari yfir kosti og galla í sínum huga og viðri sín sjónarmið á fundinum.



FORMAÐUR HEIMILIS OG SKÓLA

María Kristín Gylfadóttir, formaður foreldraráðs Áslandsskóla, var á dögnum kjörin formaður Heimilis og skóla.

Landssamtökin Heimili og Skóli eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmalaflokkum eða trúfélögum. Foreldrar og forráðamenn barna geta gerst félagar í Heimili og Skóla og aðrir geta gerst styrktarfélagar. Samtökin gefa út tímarit og ýmis konar efni um foreldrastarf.

Markmið og hlutverk

Landssamtök foreldra, Heimili og skóli voru stofnuð 17. september 1992. Markmið þeirra er að stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglinga. Þúsundir foreldra eru félagar í Heimili og skóla og með stuðningi þeirra hefur tekist að byggja upp þjónustu við foreldra og félög þeirra

Til hamingju María Kristín.

Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is



Flórgoðinn
FRÉTTABLAÐ ÁSLANDSSKÓLA

ÁBYRGÐ, HÖNNUN, UMBROT OG SKRIF:
LEIFUR S. GARÐARSSON, SKÓLASTJÓRI